

Nr.: GAT-045	Verkmenntaskólinn á Akureyri	
Útgáfa: 08		
Dags.: 30.08.2011		
Höfundur: HRS	TLB 102 – textíl- og búningasaga	
Samþykkt:SHJ	Kennsluáætlun haust 2012	
Síða 1 af 3		

Kennari	Ragnheiður Björk Þórssdóttir	Sk.st.	RÞÓ
----------------	-------------------------------------	---------------	------------

Áfangalýsing:

Í áfanganum fá nemendur innsýn í textíl- og búningasögu mannsins frá upphafi fram á okkar daga og gera sér grein fyrir hvaða áhrif veðurfar, stjórnmál, tækniframfarir og tískar hefur á manninn. Nemendur fá einnig innsýn í verkmenningu mannsins í ólíkum menningarsamfélögum frá tímum pýramídanna og fram á 20. öldina. Lögð er áhersla á að nemendur geri sér grein fyrir hvaða áhrif gróður og veðurfar hefur á gerð bygginga, fatnaðar og annara hluta sem ætlaðir eru til almennra nota í manngerðu umhverfi.

Markmið:

- að nemendur fái innsýn í textíl- og búningasögu mannsins frá upphafi fram á okkar daga.
- að nemendur fái innsýn í verkmenningu mannsins í ólíkum menningarsamfélögum fram á 20. öldina.
- að nemendur geri sér grein fyrir því hvaða áhrif gróður og veðurfar hefur á gerð bygginga, fatnaðar og annarra hluta sem ætlaðir eru til almennra nota í manngerðu umhverfi.

Kennslutilhögun:

2 x 2 kennslustundir á viku í 14 vikur, ca 56 kennslustundir. Gert er ráð fyrir að hlutur textílsögunnar sé ca. 33%, hlutur búningasögunnar ca. 33% og hlutur listiðnaðarsögunnar ca. 34% af áfanganum. Verkefni eru unnin í hverjum hluta fyrir sig.

Áætlun um yfirferð:

1. hluti:	Textílsagan – 33%, ca 5 vikur.	Hópverkefni: skil 20. sept.
	<p>Í upphafi er farið yfir helstu hugtök sem nauðsynlegt er að nemendur kunni skil á s.s. körfugerð, vefnaður, myndvefnaður, prjón, útsaumur, þrykk og frjáls textíll.</p> <p>Byrjað á textílsögu forn Egyptalands og síðan stiklað á stóru í sögu og þróun textílsins fram á okkar daga.</p> <p>Textíllinn sem myndlistarmiðill skoðaður – upphaf og endir?</p>	<p>1. verkefni Textílsagan Vægi: 20%</p>

Nr.: GAT-045 Útgáfa: 08 Dags.: 30.08.2011 Höfundur: HRS Samþykkt:SHJ Síða 2 af 3	Verkmenntaskólinn á Akureyri TLB 102 – textíl- og búningasaga Kennsluáætlun haust 2012	
---	---	---

2. hluti	Búningasagan – 33% , ca 5 vikur.	
	<p>Búningasagan rakin frá upphafi og fram á okkar daga. Farið í gegnum helstu efnisnotkun í fatnaði frá upphafi, jafnt í Evrópu, Afríku, Asíu og Ameríku. Iðnbytingin og áhrif hennar á efnisnotkun og framleiðsluhætti. Áhrifabættir eins og veðurfar, trúarbrögð og tískaskoðuð í hinum ýmsu menningarsamfélögum eins og tími leyfir.</p> <p>Efnishugtök og heiti skoðuð: Leður, ull, silki, bómull, hör, gerviefni, ofin munsturefni, áþrykk efni og fl. Textíl- og búningasagan skarast að miklu leiti og verður sérstaklega farið í gegnum þann þátt í bæði fyrstu og annari lotu.</p>	Hópverkefni 2 og einstaklingsritgerð. Hópverkefni: Búningasagan. Vægi: 20% og skil 18. okt. Einstaklingsritgerð/dagbók. Skil: 16.nov. Vægi: 35%

3. hluti:	Listiðnaðar og hönnunarsagan – 33%, ca 5 vikur.	Hópverkefni: skil 19. nov.
	<p>Saga byggingarlistarinnar eða arkitektúrs skoðuð frá forn Egyptum fram á okkar daga. Fjallað verður um byggingar, húsmuni og aðra nytjahluti og skoðað hvað hefur helst áhrif á hönnun og útlit þessara hluta.</p> <p>Skoðuð verða hugtök eins og iðnbytingin, listiðnaðarfélög, listiðnaðarfyrirtæki, listiðnaðarskólar, heimssýningar, Shakers, Art Nouveau, De Stijl, Bauhaus, Art Deco, straumlína, nytjastefna og naumhyggja. Reynt verður að skoða hönnunarsöguna á Íslandi á 20. öldinni eins og tíminn leyfir.</p>	Hópverkefni 3. Hönnunarsagan Vægi: 20% og skil 22. nov.

Námsgögn:

Hefti frá kennara – skrifstofa VMA og í tölvutæku formi (Moodle). Ýmsar hönnunar-, textíl- og búningasögubækur af bókasafni VMA. Æeskilegt er að nemendur hafi aðgang að, eða kaupi sér bækurnar Tískan (e. Gertrud Lehnert, Háskólaútgáfan: 2000) og Hönnun. (e. Thomas Hauffe, Háskólaútgáfan:1999).

Nr.: GAT-045	Verkmenntaskólinn á Akureyri	
Útgáfa: 08		
Dags.: 30.08.2011		
Höfundur: HRS	TLB 102 – textíl- og búningasaga	
Samþykkt:SHJ	Kennsluáætlun haust 2012	
Síða 3 af 3		

Verkefni:

Nemendur vinna alls fjögur verkefni á önninni – þrjú hópverkefni og eitt einstaklingsverkefni. Í einstaklingsverkefninu velja nemendur á milli dagbókarforms og heimildaritgerðar.

Námsmat og vægi námsþátta:

Próflaus símats áfangi þar sem vinna nemenda er metin þ.e. þrjú hópverkefni sem gilda 20 % hvert og einstaklingsritgerð/dagbók sem gildir 35 %. Metin verður þekking og skilningur nemenda á forsendum hönnunar og textíls og einnig verður lagt mat á þátttöku nemenda í umræðum.

Ef nemendur kjósa að gera dagbók í lokaverkefni í stað heimildaritgerðar þá er æskilegt að þeir byrji að vinna dagbókina í upphafi annar, geta notað hana bæði sem glósu-, úrklinni- og gagnasöfnunarbók.

Ástundun og mæting gildir 5% af lokaueinkunn.

Með fyrirvara um breytingar.

Ragnheiður Björk Þórssdóttir

ragga@vma.is

GSM: 8475133

Dagsetning: 20.08. 2012

Undirritun kennara

Undirritun brautarstj., fagstj eða staðgengils